

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um þjónustu við fötluð börn og ungmenni.

a. Hversu mörg fötluð börn og ungmenni undir 18 ára aldri er Garðabær að veita þjónustu?

Svar:

Um það bil 68 fötluð börn og ungmenni eru með stuðnings- eða stoðþjónustu hjá Garðabæ. Misjafnt er hvort þjónustan fellur undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 sem stuðningsþjónusta, eða undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningþarfir nr.38/2018, sem stoðþjónsta. Sé aðstoðin er minni en 60 tímar á mánuði fellur þjónustan undir stuðningsþjónustu en ef aðstoðin er meiri en 60 tímar á mánuði fellur hún undir stoðþjónustu.

b. Í hve mörgu tilvikum er ekki verið að veita fulla þjónustu? Þ.e. þá þjónustu sem viðkomandi hefur mat fyrir?

Svar:

Mat á stuðningsþörfum barna og ungmenna er framkvæmt af starfsmanni sveitarfélagsins og er það ýmist gert í úttekt á heimili viðkomandi eða með viðtali, fer það eftir því hvaða þjónustu verið er að óska eftir.

Í tveimur tilvikum hafa forráðamenn óskað eftir fleiri vinnustundum í notendasamning eða NPA- samning en samþykktur samningur gerir ráð fyrir. Það er mat umsjónarþroskajálfa að fjöldi vinnustunda í þeim samningum sé viðunandi að svo stöddu.

c. Ef einhver, hve margir einstaklingar eru í bið eftir þjónustu?

Svar:

Fyrir liggur umsókn um notendasamning fyrir eitt barn sem er í bið. Umsókn barst 29.04.2020. Þá eru um það bil 6-7 börn eru að bíða eftir nýjum liðsmanni.